

fuglaskoðun

Í Friðlandinu í Flóa
laugardaginn 15. maí nk

Farið verður frá Hátúni 10b klukkan 13:00 og ekið austur að Þjórsá, niður Urriðafossveg og fossinn skoðaður. Þetta er vatnsmesti foss landsins en fáir þekkja hann. Ekið verður hjá Knarrarósvita og Baugstaðabúinu og þaðan í Friðlandið.

Leiðsögumenn verða Björn Jónsson leiðsögumaður og Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur.

Síðan verður ekið til Eyrarbakka og að **Rauða húsinu** þar sem bíður okkar kaffihlaðborð.

Áætlað er að koma í bæinn um klukkan 17:30.

Verð fyrir ferðina er 1000 krónur.

Takmarkaður sætafjöldi svo best er að skrá sig strax í síma 561-9244.

Stjórnin

Ábyrgðarmaður: Jórunn Sörensen



FRÉTTABRÉF

2. tbl. 23. árg. maí 2010

Meðal efnis:

- **VORFERÐ** – sjá auglýsingu á baksíðu
- **KAFFIHÚSAHITTINGUR** – hvað er það?
- **STUÐNINGSFUNDIR** – breyttur staður



NÆSTU STUÐNINGSFUNDIR

Tengslahóps

nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra

Reykjavík: miðvikudaginn 5. maí
í kaffistofu starfsmanna á 1. hæð í Hátúni 10b
fundurinn hefst kl. 19:30

Akureyri: miðvikudaginn 26. maí
í safnaðarheimili Akureyrarkirkju
fundurinn hefst kl. 20:00

**Nánari upplýsingar á www.nyra.is
og í síma 896 6129**

Félag nýrnasjúkra

Hátuni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244
Netfang: nyra@nyra.is – vefsíða: www.nyra.is

Kæru félagar

Ef nýrun gefa sig – fræðslumynd um meðferð nýrnabilunar á lokastigi var sýnd í sjónvarpi allra landsmanna 27. apríl sl. Það þarf ekki að orðlengja það að árnaðaróskum og þakklæti rigndi yfir félagið eftir sýninguna – bæði í tölvupósti sem og í símtölum. Margir bentu á að það væri stórvirki fyrir svona lítið félag að láta gera slíka mynd. Það er rétt – það var stórvirki og hefði aldrei tekist ef margir – bæði stjórnarmenn og almennir félagsmenn hefðu ekki lagt hönd á plóg og unnið sleitulaust að því að safna fyrir andvirði myndarinnar því það er ekki eins og hægt hafi verið að ganga í einhverja digra sjóði félagsins. Ekki var heldur auðvelt að sækja til félagasamtaka og fyrirtækja í því ástandi sem ríkir í efnahagslífi þjóðarinnar. Ég nota tækifærið og þakka öllum sem komu að þessu mikilvæga verkefni.

Ég vek sérstaka athygli á nýung í starfi félagsins –

kaffihúshittinginn – sem lesa má um hér á síðunni við hliðina.

Að lokum bendi ég á auglýsingu um **v o r f e r ð i n a** á baksíðunni.

Jórunn Sörensen

S T U Þ N I N G S F U N D I R

Tengslahóps nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra eru haldnir bæði í Reykjavík og á Akureyri. Á Akureyri eru fundirnir síðasta miðvikudag hvers mánaðar – sjá stað og tíma í síðasta fréttabréfi og á heimasíðu félagsins.

Fundirnir í Reykjavík eru fyrsta miðvikudag hvers mánaðar klukkan 19:30. Þeir eru haldnir í kaffistofu starfsmanna á 1. hæð í Hátúni 10b. Athugið – breyttur fundarstaður.

Á fundum Tengslahópsins getur fólk rætt sín mál í trúnaði við aðra sem einnig hafa gengið í gegnum þá reynslu að veikjast alvarlega í nýrum eða vera náinn aðstandandi.

KAFFIHÚSAHITTINGUR

Nýlega hóf Lilja Kristjánsdóttir að kalla saman ungt fólk með alvarlegan nýrnasjúkdóm í það sem hún kallar **KAFFIHÚSAHITTING**.

Fundirnir eru óformlegir og þar getur fólk spjallað og deilt reynslu sinni. Þótt ekki sé komin löng reynsla á fundina hafa þeir sannarlega sýnt að þeirra er þörf.

Ungt fólk með langvinnan nýrnasjúkdóm er hvatt til þess að hafa samband við Lilju í síma 899 3151.

* * *

Ársskýrsla stjórnarinnar fyrir síðasta starfsár er komin á heimasíðu félagsins.

Myndin á forsíðu er tekin í Friðlandinu í Flóa og er af toppönd með unga.

Myndina tók

Jóhann Óli Hilmarsson